



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Benchmark Genetics Iceland hf.  
Bæjarhrauni 14  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 9. júní 2022  
Tilv.: UMH22010298/8.14

Vísað er til erindis Benchmark Genetics Iceland hf. frá 26. janúar sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi félagsins að Kalmanstjörn, Reykjanesbæ. Í erindinu kemur fram að Benchmark Genetics Iceland hf. hafi fengið útgefið starfsleyfi frá Umhverfisstofnun 26. apríl 2017, leyfið hafi gilt í 5 ár og sé fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu af laxi. Starfsleyfið hafi runnið út 26. apríl 2021. Benchmark Genetics Iceland hf. hafi sótti um framlengingu á núverandi starfsleyfi til Umhverfisstofnunar á meðan að félagið væri að vinna í stækkun á starfs- og rekstrarleyfi. Umhverfisstofnun hafi veitt Benchmark Genetics Iceland hf. framlengingu á starfsleyfinu sem gildir í eitt ár. Benchmark Genetics Iceland hf. hafi skilað inn fullnægjandi starfsleyfisumsókn og fyrirtækið sé búið að vera í mati á umhverfisáhrifum vegna stækkunarinnar ogvinna við mat á umhverfisáhrifum sé á loka metrunum. Benchmark Genetics Iceland hf. óski því eftir að fá undanþágu og framlengingu á núverandi starfsleyfi þar til nýtt starfsleyfi sé komið.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 18. febrúar sl. Í umsögninni kemur fram að Benchmark Genetics Iceland hf. hafi skilað inn fullnægjandi starfsleyfisumsókn og að fyrirtækið sé búið að vera í mati á umhverfisáhrifum með stækkunina. Í beiðninni segi umsækjandi að matið sé á loka metrunum og að loka skýrslu rekstraraðila verði brátt skilað. Umræddri skýrslu rekstraraðila hafi verið skilað þann 14. febrúar sl. Umhverfisstofnun staðfesti að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hafi borist stofnuninni og að stofnunin hafi framlengt gildistíma núverandi starfsleyfis félagsins að Kalmanstjórn, Reykjanesbæ á grundvelli 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um eitt ár. Núverandi starfsleyfi eldisstöðvarinnar að Kalmanstjórn hafi runnið út 26. apríl 2021 og gildi framlengingin þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 26. apríl 2022. Umhverfisstofnun bendi á að málsmeðferð Skipulagsstofnunar er varði mat á umhverfisáhrifum sé ekki lokið. Ekki hafi verið leitað umsagna lögbundinna umsagnaraðila, líkt og Umhverfisstofnunar, og líklegt sé að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggi ekki fyrir fyrr en eftir einhverjar vikur eða mánuði. Líklegt sé að álits um mat á umhverfisáhrifum sé ekki að vænta fyrr en í kringum þá dagsetningu er hið framlengda starfsleyfi renni út. Ljóst sé að stofnunin geti ekki unnið, auglýst né gefið út leyfi fyrr en eftir að álit Skipulagsstofnunar liggi fyrir, enda beri stofnuninni að taka tillit til og byggja starfsleyfisgerð á álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Ljóst sé að heimild til framlengingar starfsleyfis hafi ekki enn verið nýtt að fullu en þar sem mat á umhverfisáhrifum sé enn í ferli hjá Skipulagsstofnun megi leiða líkur að því að nýtt starfsleyfi verði ekki gefið út áður en framlengingin rennur út þann 26. apríl 2022. Stofnunin telji í ljósi framangreinds að ríkar ástæður mæli með því að undanþága verði veitt frá 26. apríl 2022 og þangað til nýtt starfsleyfi hafi verið gefið út, að því gefnu að mat á umhverfisáhrifum liggi þá fyrir. Umhverfisstofnun geri því ekki athugasemd við að umbeðin tímabundin undanþága frá kröfu um starfsleyfi verði veitt þangað til nýtt starfsleyfi hafi verið gefið út að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í tölvupósti frá Umhverfisstofnun þann 7. júní sl. er upplýst að Benchmark Genetics Iceland hf. Kalmanstjórn hafi sótt um undanþágu til að vera með allt að 200 tonna ársframleiðslu þar sem framlengingin hafi runnið út 26. apríl sl. Félagið sé með fullnægjandi umsókn og því þurfi ekki að liggja fyrir álit um mat á umhverfisáhrifum þar sem um sé að ræða umsókn um undanþágu þar sem um sé að ræða sama magn og Benchmark Genetics Iceland hf. Kalmanstjórn hafi verið með leyfi fyrir. Benchmark Genetics Iceland hf. Kalmanstjórn gæti hins vegar ekki fengið undanþágu fyrir meira magni en félagið sé með því það á eftir að klára mat fyrir stækkunina.

Umsögn Matvælastofnunar barst með bréfi, dags. 10. febrúar sl. Í umsögninni kemur fram að núgildandi rekstrarleyfi Benchmark Genetics Iceland hf. hafi verið gefið út þann 5. júlí 2021 og heimili allt að 190 tonna hámarkslífmassa. Fyrirtækið hafi áður haft rekstrarleyfi gefið út 11. febrúar 2011 sem hafi heimilað allt að 190 tonna framleiðslu á ári. Árið 2018 hafi Benchmark Genetics Iceland hf., þá Stofnfiskur hf. framleitt umfram heimild sína samkvæmt rekstrarleyfi þegar stöðin framleiddi 240,9 tonn af laxi. Matvælastofnun hafi sent fyrirtækinu bréf vegna umframframleiðslunnar í apríl 2019 og fyrirtækið hafi í framhaldinu sótt um stækkun á rekstrarleyfi sínu á Kalmanstjórn þann 23. október 2019. Benchmark Genetics Iceland hf. vinni nú að mati að umhverfisáhrifum vegna stækkunar á stöð sinni á Kalmanstjórn og Matvælastofnun muni í framhaldinu vinna að útgáfu nýs rekstrarleyfis. Matvælastofnun telji að bregðast eigi á jákvæðan hátt við beiðni félagsins á meðan rekstraraðili vinnur á virkan hátt að mati að umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og að umsóknum sínum um starfsleyfi og rekstrarleyfi.

Í ljósi framangreinds, umsagnar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til Umhverfisstofnunar, að ríkar ástæður mæla með undanþágu og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita starfsemi Benchmark Genetics Iceland hf. Kalmanstjörn heimild til að vera með 200 tonna ársframleiðslu af laxi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði gildandi starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út fyrir Stofnfisk hf. Kalmanstjörn, Kalmanstjörn, 233 Reykjanesbæ þann 26. apríl 2017 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 31. desember 2022.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Kjartan Ingvarsson

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Matvælastofnun  
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja